

Nd.

224. Breytingartillögur

við frv. til laga um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Thor Thors, Bergur Jónsson, Garðar Þorsteinsson.

1. Við 2. gr. 2. másl. orðist svo: Hreppsnefndir skulu skipaðar 3—7 mönnum.
2. Við 17. gr. Á undan greininni komi ný grein, er verður 17. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu leynilegar. Bæjarstjórnir skulu kosnar með hlutfallskosningum. Sama gildir um hreppsnefndir, ef 1/10 kjósenda krefst þess skriflega við oddvita kjörstjórnar, 6 vikum fyrir kjördag.

3. 1. másl. 17. gr., er verður 18. gr., orðist svo: Þegar bæjarstjórnar- eða hlutbundnar hreppsnefndarkosningar eiga að fara fram, skulu framboðslistar . . . o. s. frv. út másl.

4. Við 22. gr.

a. 2. málsgr. orðist svo: Kjörseðil við hlutfallskosningar skal gera þannig:
b. Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: Kjörseðla við óhlutbundnar kosningar skal gera alla jafnstóra, með sama lit, úr strikuðum pappír, þannig:

Nr. á kjörskrá

Aðalmenn:

.....
.....
.....
.....
.....
.....
.....
.....
.....
.....

Nr. á kjörskrá.

Varamenn:

.....
.....
.....
.....
.....
.....
.....
.....
.....
.....

5. Við 24. gr.

a. Á undan orðinu: „hreppsnefndarkosningar“ í 2. másl. komi: hlutbundnar.

b. Síðustu másl. orðist svo: Atkvæðagreiðsla við óhlutbundnar hreppsnefndarkosningar fer fram með þeim hætti, að kjósandi gengur inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar, hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nöfn þeirra, er hann vill velja sem aðalmenn og varamenn, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra. Að öðru leyti fer um þessar kosningar svo sem um óhlutbundnar kosningar til Alþingis. Um skil af hendi undirkjörstjórna til yfirkjörstjórna fer einnig á sama hátt og við kosningar til Alþingis.

6. Við 25. gr.

a. Á undan orðinu: „hreppsnefndarkosningar“ í 1. másl. komi: hlutbundnar.

- b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
- Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp tölurnar, sem á kjörseðlinum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers, sem kosinn er. Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið sem aðalmenn, skulu rétt kjörnir sem aðalmenn, og þeir, sem flest atkvæði hafa sem varamenn, skulu rétt kjörnir varamenn.
7. Við 29. gr. 1. másl. orðist svo: Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, skulu jafnan vera leynilegar og ennfremur blutbundnar, ef þess er krafizt og fleiri skal kjósa en einn mann.
8. Við 30. gr. 2 fyrstu málsgr. falli niður.
9. Við 31. gr.
- a. Á eftir orðunum „hreppsnefndarmanna“ komi: kosinna hlutbundnum kosningum.
- b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
- Varamenn hreppsnefndarmanna kosinna óhlutbundnum kosningum taka sæti þannig, að fyrsti varamaður tekur sæti fyrsta aðalmanns, annar varamaður tekur sæti annars aðalmanns o. s. frv.
10. Við XVI. kafla. Fyrirsögn kaflans hljóði þannig: Kosningar í sýslunefndir og innan sýslunefnda.
11. Á undan 32. gr. komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
- a. (32. gr.). Í hreppi hverjum skal kjósa einn sýslunefndarmann til 4 ára og einn varamann til sama tíma. Sýslumaður er oddviti kjörstjórnar, og skipa hana með honum 2 hreppsþúar, er sýslunefnd kýs.
- Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Til kjörfundar skal boða skriflega með a. m. k. 8 daga fyrirvara. Kosningu sýslunefndarmanns skal haga í samræmi við óhlutbundnar hreppsnefndarkosningar. Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.
- b. (33. gr.): Nú er hreppi skipt, og gengur þá sýslunefndarmaður hans og varasýslunefndarmaður þegar úr sýslunefnd. Á næsta manntalsþingi á eftir skal kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu.
12. Við 32. gr. Á eftir orðunum „er hún kýs menn til“, komi: ef þess er krafizt.
13. Við 33. gr. 1. másl. orðist svo: Bæjarstjórn eða hreppsnefnd úrskurðar, hvort bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn.
14. Aftan við 2. málsgr. 26. gr. hætist: Samsvarandi gildir um kosningu sýslunefndarmanna.